



18. fundur Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 17. febrúar 2020 í fundarsal Hafnarfjarðarbæjar, Bæjarráðssal, við Strandgötu kl. 9:30

Starfshópur.

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður
Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta
Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta
Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.
Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi fyrirtækja
Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar

Forföll:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.
Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi fyrirtækja

Með starfshópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

Farið var yfir síðustu drög að skýrslu starfshópsins.

Ákveðið var að setja fram í skýrsluna gildandi deiliskipulag og þau ákvæði sem nú þegar eru í gildi, uppbyggingarheimildir og áhrif þeirra á áframhaldandi vinnu við endurskoðun deiliskipulags miðbæjar. Fara þarf yfir heimildir sveitarfélagsins til að bregðast við þeim heimildum sem eru nú þegar til staðar og mögulegar afleiðingar ef slíkar heimildir yrðu afturkallaðar.

Staðfesta þarf að þær hugmyndir sem lagðar hafa verið fram væru liður í hugmyndaleit vegna svæðisins en ekki deiliskipulagstillögur.

Herða þarf á þeim atriðum er snerta á bílastæðamálum.

Að ekki verði byggt fyrir framan kirkjuna.

Setja þarf vinnufundinn frá því í nóv. 2019 inn í skjalið.

Áréttá þarf að starfshópurinn hafi ekki unnið þær hugmyndir sem komu fram heldur skoðað tillögurnar sem kortlagningu að uppbyggingu. Þær hugmyndir hafa verið lagðar fram til grundvallar við frekari skoðun og gagnrýni á hvernig miðbærinn eigi að þróast. Þ.a.l. verði ekki ein tillaga valin fram yfir aðra. Enda er það ekki hlutvek starfshópsins.

Fleira var ekki rætt á fundi. Fundi slitið kl.10:30.